

Nd.

222. Breytingartillaga

við frv. til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

Frá Tryggva Þórhallssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný grein:

7. gr.

Ef þess er óskað af ríkisstjórninni, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, er sjerleyfishafa skylt, fyrstu fimm árin eftir að hann hefir byrjað atvinnurekstur sinn, að láta af hendi við ríkisstjórnina köfnunarefnisáburð sem svarar 1000 smálestum af Noregssaltþjetri á ári. Áburðurinn afhendist í Reykjavík í umbúðum til flutnings og við verði, sem sje 25% lægra en á tilsvarendi köfnunarefnismagni Noregssaltþjeturs í stórsölu frá verksmiðju í Noregi. Með sömu kjörum skal sjerleyfishafa skylt að afhenda ríkisstjórninni næstu fimm árin þar á eftir köfnunarefnisáburð sem svarar alt að 2000 smálestum af Noregssaltþjetri á ári, og síðan, meðan sjerleyfistíminn stendur, sem svarar 3000 smálestum á ári.